

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 37/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 um breytingu á tilskipunum ráðsins 77/91/EBE, 78/855/EBE og 82/891/EBE og tilskipun 2005/56/EB að því er varðar kröfur um skýrslugjöf og upplýsingar við samruna og skiptingu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 2. lið (önnur tilskipun ráðsins 77/91/EBE), 3. lið (þriðja tilskipun ráðsins 78/855/EBE) og 5. lið (sjötta tilskipun ráðsins 82/891/EBE):

„– **32009 L 0109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 10e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32009 L 0109**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/109/EB frá 16. september 2009 (Stjtið. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/109/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 25, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 259, 2.10.2009, bls. 14.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
A. Seatter
formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.